

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Akureyrarflugvallar, flugskýli og bílastæði.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 4. september 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að lóð fyrir flugskýli, sem áður var flugsafn, er skipt upp í tvær lóðir með byggingarreitum fyrir nýtt flugskýli auk stækkunar þess skýlis sem fyrir er og ennfremur er byggingarmagn aukið. Fyrirkomulagi bílastæða er breytt og stæðum fjölgað. Nýtingarhlutfall lóða sem breytingin á við er 0,8.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, 1. áfanga, Hólmatún 2.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 2. október 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt ofangreint deiliskipulag.

Breytingin felur í sér að skólalóð grunnskóla sameinast lóð leikskólans sem þar er fyrir og aðrar eftirfarandi breytingar:

Lóðir leikskólans og grunnskólans verða sameinaðar. Stærð lóðar er um 2,52 ha eftir sameiningu. Lega lóðarveggja er breytt sem og lega stofnstígs norðvestan grunnskólalóðar þar sem hluti götunnar Hólmatúns er lögð niður. Kvöð er um göngustíg og gangandi umferð milli leik- og grunnskólans. Á milli skólanna er yfirbyggt upphitað torg. Bílastæði við Lækjartún eru felld niður. Byggingarreitur grunnskóla stækkar til suðurs. Gert er ráð fyrir 105 bílastæðum.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 12. nóvember 2007,

Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2007